



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- SMT skólafærni
- PALS
- Comenius
- Rafvespur
- Verkefnaumsjón
- Vetrarfrí
- Fagstjórn
- Brosbók
- Snemma í háttinn
- Til minnis
- Ásinn 2012-2013
- Skólaráð

GÓÐI segir:



Upp í fjalli, yfir Firði skólinn er okkur mikils virði

“VAKNA AÐ MORGNI, Í SKÓLANN SKUNDA”

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Þá er tölfta starfsár Áslandsskóla komið í fastar skorður.

Við upphaf skólaársins stunda um 530 nemendur nám í Áslandsskóla og þar starfa rétt undir 70 starfsmenn.

Starfsmannavelta Áslandsskóla er ekki mikil og við svo heppin að þegar sæti losnar í okkar liði eru margir áhugasamir að ganga til liðs við okkur.

Nokkur hópur nemenda stígur nú sín fyrstu skref í Áslandsskóla, bæði sem nýnemar í fyrsta bekk og einhver hópur í öðrum bekkjardeildum. Allan þennan flotta hóp bjóðum við hjartanlega velkominn í skólasamfélagið okkar hér í Áslandi.

Það hlýtur að vera tilhökkunarefni að ganga í jafn glæsilegan skóla sem Áslandsskóli sannarlega er. Því er mikilvægt að innra starf hans sé líka glæsilegt og að allir leggi metnað sinn í að svo verði.

Nemendur í 1. bekk eru myndarlegur hópur í skólanum okkar og því ljóst að öll þurfum við að sýna hjálpssemi og samkennd svo aðlögun þeirra að daglegu skólalífi verði með jákvæðum hætti.

Það þurfa allir að hjálpast að við

að búa til góðan skóla þar sem vellíðan nemenda, vönduð vinnubrögð og góður námsárangur eru í forgrunni. Samstarf heimila og skóla verður að vera traust og með jákvæðum hætti og mikilvægt er að foreldrar séu virkir þátttakendur og vel upplýstir um starfsemi skólans.

Þá er einnig lykilatriði að nemendur temji sér náms- og vinnuaga og að faglegur metnaður ríki meðal starfsmanna skólans.

Í Áslandsskóla nýtum við okkur SMT skólafærni. Forráðamenn og nemendur sjá skýr fyrirsmáli hanga á veggjum skólans fyrir ákveðin svæði. Þá geta nemendur fengið “fugla” fyrir að sýna jákvæða hegðun í skólastarfinu.

Fuglunum er síðan safnað saman í umsjónarbekk nemandans eftir að hann hefur farið með “fuglinn” heim ef hann vill og sýnt forráðamönnum.

Nánar var farið yfir SMT skólafærni í tengslum við skólakynningar í ákveðnum árgöngum og einnig í þessu blaði.

Áslandsskóli er stoltur af SMT starfi sínu en skólinn hefur fengið viðurkenningu

fræðsluráðs Hafnarfjarðar fyrir árangursríka innleiðingu SMT skólafærni. Þá varð Áslandsskóli, fyrstur allra, sjálfstæður SMT skóli. Auk þess fáum við árlega mikið af fag- og áhugafólki, bæði hertendis og erlendis frá, í heimsókn til okkar þar sem við kynnum SMT starfið okkar.

Húsnæðismál skólans hafa verið í umræðunni um langt skeið. Staðan í dag er sú að þrjár færanlegar kennslustofur koma fyrir jól auk þess sem bæjaryfirvöld hafa lofað því að viðræður um byggingu í þróttahúss með 4 kennslustofum haldi áfram nú á haustdögum.

Um leið og ég óska starfsfólki, nemendum og forráðamönnum velfarnaðar á því skólaári sem nú er farið af stað vil ég minna okkur öll á að allir eiga rétt á því að vera þeir sjálfir.

Við þurfum að hugsa vel um hvort annað, bera virðingu hvort fyrir öðru og hjálpast að við að gera góðan skóla enn betri.

Gæfuríkt skólaár
Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublað má einnig finna á vefsetri skólans www.aslandsskoli.is

Um SMT skólafærni í Áslandsskóla

Áslandsskóli varð sjálfstæður SMT skóli, fyrstur allra skóla sem innleitt hafa SMT skólafærni.

Markmið SMT-skólafærni (hafnfirsk útfærsla á bandarísku aðferðinni *Positive Behavior Support/PBS*) er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaur með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Þessi nálgun byggir á margra ára rannsóknum sérfræðinga, í Oregon í Bandaríkjunum, og er framkvæmd í samráði við þá.

SMT-skólafærni byggir á hugmyndafræði PMT-FORELDRAFÆRNI og er framkvæmd undir merkjum þeirrar þjónustueiningar, sem verið hefur leiðandi hér á landi í notkun og útbreiðslu PMT verkfæra til uppalenda. PMT (*Parent Management Training*) verkfærin eru vel rannsökuð af færustu sérfræðingum, notkun þeirra stuðlar að góðri aðlögun barna og þau eru því afar mikilvæg hjálpartæki. Foreldrum býðst að tileinka sér PMT-foreldrafærni jafnframt því sem

skólasamfélagið á möguleika á innleiðingu **SMT-skólafærni**.

Í kjölfar þess var ákveðið að innleiða SMT-skólafærni sem byggir á sama hugmyndafræðilega grunni og áratuga rannsóknum líkt og PMT.

Við í Áslandsskóla byrjuðum á undirbúningi skólaárið 2004-2005 og innleiðingu skömmu síðar. Óhætt er að fullyrða að skólabragur varð betri og aukning á jákvæðri hegðun nemenda.

Svokallað **SMT teymi** er starfrækt innan skólans sem í sitja *Leifur S. Garðarsson* skólastjóri, *Unnur Elfa Guðmundsdóttir* aðstoðarskólastjóri, *Rannveig Hafberg* deildarstjóri í 1.-5. bekk, *Kristín Jóna Magnúsdóttir* deildarstjóri í 6.—10. bekk, *Júlíana Jónsdóttir* námsráðgjafi, *Helga Dögg Björnsdóttir* umsjónarkennari í 4. bekk og *Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir* umsjónarkennari í 10. bekk.

Í Áslandsskóla styrkjum við jákvæða hegðun með svokölluðum “fuglum” en þeir vísa til skólamerkisins þar sem fjórir fuglar fljúga að sama marki. Nemendur geta fengið gulan, rauðan og grænan fugl frá starfsfólki og bekkir bláan fugl frá skólastjóra.

Þegar tilteknum fuglafjölda er náð fær bekkurinn fuglaveislu en þá er

hefðbundið skólastarf brotið upp.


Þegar nemendur sýna óæskilega hegðun gætu þeir fengið svokallaðan stoppmiða sem er skráningarmiði yfir óæskilega hegðun viðkomandi. Stoppmiðinn fer síðan inn í ákveðið agafarli þar sem nákvæmlega er skráð hver var upplýstur og hver tók málið að sér.

Það er mat okkar sem starfa í skólanum að SMT skólafærnin bæti skólabraginn og hjálpi okkur mjög við að agafarli skólans sé skilvirkt og áreiðanlegt.

Við Áslandsskóla er einnig starfandi svokallað **SÁTT**-ar teymi en það er sérstakt lausnaleyarteymi sem tilteknum málum er vísað til.

Í SÁTT-ar teymi skólans sitja Unnur Elfa Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri, Rannveig Hafberg deildarstjóri í 1.-5. bekk, Kristín Jóna Magnúsdóttir deildarstjóri í 6.-10. bekk, Rósa Lyng Svavarsdóttir umsjónarkennari í 9. bekk, Halldóra Lára Benónýsdóttir umsjónarkennari í 5. bekk, Sýlvía Pétursdóttir umsjónarkennari í 3. bekk og Ásta Stefanía Svavarsdóttir kennari í Snjallheimum.

Á vefsetri skólans er hægt að finna reglutöflu skólafærni í Áslandsskóla sem eru í senn skólareglur skólans.



PALS

Líkt og á síðasta kennsluári vinnum við með PALS í Áslandsskóla.

PALS sem er stytting á *Pör að læra saman* (*Peer Assisted Learning Strategies Reading Method*) er lestraraðferð sem byggir upp færni nemenda í lestri og lesskilningi með æfingum sem þeir vinna í 35 til 45 mínútur í senn, þrisvar sinnum í viku. Nemendur vinna saman í pörum og aðstoða hvor annan við að bæta lesturinn. Þörin nota stigakerfi sem hvatningu og gefa sér stig m.a. fyrir að ljúka verkefnum. Kennarinn fylgist með pörunum og aðstoðar þau eftir þörfum við að bæta lesturinn.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að PALS lestrarnálgunin ber skjótan og varanlegan árangur og að hún tengist vel allri annarri lestrarkennslu.

COMENIUS—HEIMSÓKN

Comenius styrkir evrópsk samstarfsverkefni skóla, nemendaskipti, endurmenntun kennara, starfsþjálfun kennaranema og námsefnisgerð. Áslandsskóli hlaut styrk í fyrra fyrir verkefnið *Protect Nature, Teaching Environmental Sustainability through Storyline*, og heldur vinna við það áfram á þessu skólaári.

Áslandsskóli stýrir verkefninu en auk hans eru skólar frá Finnlandi, Írlandi, Slóveníu, Þýskalandi, Spáni og Kýpur þátttakendur.

Verkefnið hefur byggt á söguaðferðinni, *Storyline*, og verkefnin öll unnin í kringum mismunandi ramma.

Nemendur í yngri- og miðdeild munu svo vinna ýmis verkefni sem verða síðan sett á sameiginlegan vef fyrir verkefnið í heild.

Næsti fundur fer fram á Írlandi í október.

Vefsíða verkefnisins er:
<http://pn.aslandsskoli.is/>

Rafvespur Skellinöður

Nokkrir nemendur eiga skellinöður og koma á þeim í skólann, fleiri nemendur eiga minni vélhjól og rafvespur. Eigendur hjólanna fylgja í langflestum tilfellum lögum og reglu og gæta varúðar. Vandamál koma upp þegar nemendur fara óvarlega og/eða tækin eru lánuð öðrum nemendum sem kunna lítið á þau, eru hjálmlausir og fara ekki nógu varlega.

Því vil ég koma á framfæri að algerlega óheimilt er að koma í skólann á ofangreindum farartækjum án þess að nota hjálm eins og lög gera ráð fyrir. Einnig að algerlega óheimilt er að nota þessi farartæki á skólalóðinni, af því getur skapast hættu og slys orðið. Þá er stranglega bannað að fara á þessum farartækjum í íprótta- og sundtíma. Til þess notum við skólabil. Einnig er óheimilt að leggja hjólunum fyrir framan ruslageymsluna okkar því þá er erfitt að tæma hana þegar á þarf að halda.

Það er því miður ekki að ástæðulausu sem við hér í Áslandsskóla höfum haft vaxandi áhyggjur af vélhjólumferðinni og það er von okkar að með samstilltu átaki skólans og heimila getum við haldið þessum málum í öruggum og góðum farvegi.

Til minnis

17.-21. september

SAMRÆMD PRÓF

(4., 7. og 10. bekkur)

25. september

SKIPULAGSDAGUR

Vetrarfrí

Vetrarfrí er í Áslandsskóla og verður það að þessu sinni **þrjú dagar** á haustönn, hefst mánudaginn 22. okt til og með miðvikudagsins 24. október 2012.

Þá daga hlaða nemendur og starfsfólk skólans orkustöðvarnar með leyfi frá skóla.

Fagstjórn

Eftirfarandi kennarar verða fagstjórar á þessu skólaári:

Ása Marin Hafsteinsdóttir

Íslenska

Halldóra Lára Benónýsdóttir

Stærðfræði

Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir

Danska

Jenný B. Rúnarsdóttir

Enska

Björg Haraldsdóttir

Nátturufræði

Sigríður Ósk Pétursdóttir

Sérkennsla

Verkefnaumsjón

Eftirfarandi starfsmenn hafa umsjón með sérstökum verkefnum á skólaárinu.

Jenný Berglind Rúnarsdóttir

alþjóðlegt samstarf

Úlfar Daníelsson

vefsetur & mat á skólastarfi

Díana Ívarsdóttir

barnakór

Helga Dögg Björnsdóttir

stoppmiðaskráning

Kristín Högnadóttir

skólahreysti

ÁSINN 2012-2013

Starfið í Ásnum fer vel af stað. Nemendur hafa fengið bækling þar sem eru upplýsingar um opnunartíma, dagskrá og helstu viðburði í vetur.

Það helsta sem er framundan á næstu dögum er kosningar í nemendaráð, wellkomsball og fleira.

Í næstu viku byrjar svo barnastarf á mánudögum frá kl 17:00 til 19:00 og verður það með þeim hætti að annan hvern mánudag verður opið fyrir 7.bekk og á móti verður opið fyrir 5.-6.bekk.

Dagskrá fram til jóla verður send út til foreldrar og sett upp í stofum fyrir helgi.

Axel Guðmundsson, sem starfaði fyrir nokkrum árum hér í Ásnum, er nýráðinn verkefnastjóri í Ásnum og heilsdagsskólanum hér í Áslandsskóla.

Kv. Starfsfólk Ássins.

BROSBÓK Kostuð af KFC

Brosbókin er hluti af sjálfsmati í Áslandsskóla en hún er afrakstur þróunarvinnu kennara skólans.

Brosbókin fór fyrst heim með nemendum í 1. – 3. bekk í janúar 2004, en núna haustið 2011, eru allir nemendur í 1. – 7. bekk með Brosbók.

Með Brosbókinni er leitast við að vinna á markvissan og sýnilegan hátt með hornstoðir skólans, skólaheitið og dygðirnar. Markmiðið með þessari bók er að draga fram og styrkja jákvæða hegðun og upplýsa heimilin um hvernig nemendum gengur að temja sér þá þætti sem Áslandsskóli hefur að leiðarljósi.

Útgáfa Brosbókarinnar er kostnaðarsöm en Áslandsskóli á marga velunnara. Einn af þeim er **Kentucky Fried Chicken** sem mun kosta útgáfuna fjórða árið í röð. Færum við **KFC** bestu þakkir fyrir.



Skólaráð 2012-2013

Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri

Unnur Elfa Guðmundsdóttir

Aðstoðarskólastjóri

Ása Marin Hafsteinsdóttir

Fulltrúi kennara

Ólafur Þórarinsson

Fulltrúi kennara

Halldóra Sigríður Hafsteinsdóttir

Fulltrúi annars starfsfólks

Kristín Dóra Sigurjónsdóttir

Fulltrúi foreldra

Drífa Þórarinsdóttir

Fulltrúi foreldra

NN

Fulltrúi nemenda

NN

Fulltrúi nemenda

NN

Fulltrúi grenndarsamfélags

AF BREYTTUM ÚTIVISTARTÍMA 1. SEPTEMBER

Þann 1. september breyttist útivistartíminn og börn 12 ára og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20:00.

Unglingar 13 - 16 ára, þau sem eru í unglingadeildum grunnskóla mega vera úti til kl. 22:00.

Foreldrar hafa auðvitað fullan rétt á að stytta þennan útivistartíma og margir hafa gert það, sérstaklega foreldrar barna í 8. bekk.

Foreldrar og aðrir sem tengjast börnum eru hvattir til að virða reglur um útivistartímann. Börnin þurfa sinn svefn og mæta iðulega snemma í skólann. Hlúa þarf að heimalærdómi og gott er að eiga samverustundir inni á heimilinu á kvöldin.

Hinsvegar hafa íþróttafélög og æskulýðsstarf Hafnarfjarðar undanþágurétt gagnvart þessum reglum en ljóst er að tilefni til undanþágu verða æ fátíðari. Þó eru félagsmiðstöðvar opnar á föstudagskvöldum en þá er enginn skóli daginn eftir.



Kríuási 1

221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600

Bréfsími: 585 4610

www.aslandsskoli.is

aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson

skólastjóri